




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021



Skýringarmynd: aðkoma að fyrirhugaðri viðbyggingu

KÓPAVOGSDALUR

Tennishöll við Dalsmára 13

Breyting skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 171, dags.07.10.2024

ONE / 2410373

Greinargerð:

Viðað er í gildandi deiliskipulag Kópavogsdalur- útivistarsvæði. Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 22. maí 1990 m.s.br. 13. desember 2005, 29. júlí 2016 og 29. apríl 2024. Svæðið sem breytingin nær til er skilgreint í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem íþróttasvæði, ÍÞ-4.

Forsenda fyrir breytingunni (breyting á samþykktri deiliskipulagsbreytingu 29.04.2024):

Frá forhönnun hafa forsendur breyst lítillaga varðandi stærð padelvallanna frá framleiðanda sem leiðir til að þörf er á aðeins meira rými fyrir vellina.

Einnig hafa forsendur burðarvirkis breyst lítillaga, heildarþykktir útvegja/burðarvirkis hafa stækkað frá forhönnun, sem leiðir til að þörf er á meira plássi fyrir gönguleiðir í byggingunni og einnig er þörf á meira plássi til að koma nýjum völlum frá framleiðanda fyrir.

Burðarkerfi undir núverandi brú er með steyptum súlum fyrir miðju, sem gerir það að verkum að ekki er hægt að koma fyrir gönguleiðum sitt hvoru megin við súlur án þess að rífa hönd brúna. Til að notast ennþá við brúna er byggt glerkerfi utan á brúna sem verður tengingangur milli núverandi tennishallar og viðbyggingar á bæði neðri og efri hæð.

Eftir samtal við notendur hefur einnig komið í ljós að þörf er á aukinni lofthæð svo hægt sé að spila Padel án takmarkana. Aukin lofthæð mun einnig nýtast í alþjóðlegum keppnum og gera vellina betur í stakk búna fyrir alþjóðlegt mótahald og þær kröfur sem gerðar verða fyrir alþjóðlegt mótahald.

Einnig er sýnd tillaga að skyggni á suðurhlíð húss til að reyna lágmarka truflun sólar á spilara. Í framhaldi af skyggni er sorpgeymslu komið fyrir á snyrtilegan hátt í köldu rými sem verður hluti ásýndar húss. Gönguleið framhjá sorpgeymslu verður 2.0m


Tillaga að deiliskipulagsbreytingu:

- Byggingarreitur er stækkaður um 1.2m (0.3m til norðurs í átt að núverandi Tennishöll og 0.9m til suðurs), bilastæði haldast innan lóðar Tennishallarinnar.
- Skyggni með lokuðu sorpskýli 1.3m til suðurs
- Byggingarreitur stækkaður til vesturs á 1.hæð (neðanjarðar) um 2.65m
- Glerskýli sett á núverandi brú á báðar hæðir sem myndar tengingang frá núverandi Tennishöll yfir í viðbyggingu
- Heimild til að breikka núverandi brú um 1.0m (0.5m í hvora átt)
- Mænishæð húss hækkuð um 1.2m, fer úr K: 14.05 í K: 15.25
- Dvalarsvæði á lóð minnkar um 0.3m á milli bygginga innan lóðar Tennishallarinnar
- Kóti ofaná núverandi padelvellir leiðréttur, er sýndur K: 11.36 á gildandi skipulagi en á að vera K: 11.90
- Heimild að nýta þak undir þakgarð
- Blágrænar lausnir á þaki
- Notast við torf á þaki
- Fallið er frá flötaleiðum (frá þaki) og rampi
- Dvalarsvæði norðanmegin við viðbyggingu mun hafa setsvæði og svæði sem getur m.a. nýst undir upphitun spilara. Aðgengi frá padelvöllum út á dvalarsvæði
- Opnað verður aðgengi að dvalarsvæðinu með stiga og rennibraut úr austurátt og svæðið þannig opnað að leiksvæðinu austan við Tennishöllina
- Heildarbyggingarmagn aukið um 80m² vegna skyggnis og sorpgeymslu
- Leyfilegt byggingarmagn er 1.800m² verður 1.880m² (A+B fermetrar), heildarbyggingarmagn er 6.665,3m² verður 6.745,3m²
- Nýtingarhlutfall verður 0.86 (var 0.85 áður)
- Umhverfis eða grenndaráhrif af þessari tillögu eru talin óveruleg


Byggingaráform:

Áður en aðalteikningar eru lagðar fyrir byggingarfulltrúa til afgreiðslu þarf hönnuður að leggja byggingaráform sín (frumdrög) fyrir skipulagsráð til afgreiðslu. Í þeim skal koma fram hvernig hönnun og frágangur húss og lóðar fellur að viðmiðum sem tilgreind eru hér neðar:


Á teikningu af lóð skal m.a. koma fram yfirborðsfrágangur lóða, dvalarsvæði, gróður, girðingar eða falvarnir, hæðasetningar, frágangur gönguleiða og bilastæði í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Tilgreina skal staðsetningu og fjölda hjólastæða. Fjalla skal um efnisval og frágang húss.




Deiliskipulag: Kópavogsdalur, útivistarsvæði - í mkv. 1:1000
Samþykkt í bæjarstjórn 22.maí 1990, með síðari breytingum samþykkt í bæjarstórn 13.12.2005, 29.07.2016 og 29.04.2024.



Deiliskipulag: ásýnd austurhlíð í mkv. 1:500



Tillaga að breyttu deiliskipulagi:
Tennishöll við Dalsmára 13 í mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: ásýnd austurhlíð í mkv. 1:500


TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI




Skýringarmynd: Norðurhlíð viðbyggingar, dvalarsvæði og tengingangur, útgennt frá padelhölli á dvalarsvæði

Gildandi skipulag:
Í gildandi skipulagi, breyting á deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 27.febrúar 2024, sé eftirfarandi í gildi:

- Komi til þess að færa þurfi lagnir ber lóðarhafi kostnað af því.
- Uppfært eftir auglýsingu dags. 16.02.2024
- Hafa skal samráð við Veitur ohf. á hönnunar og uppbyggingartíma. Taka skal sérstakt tillit til heimilagnar hitaveitu sem liggur á milli Dalsmára 11 og fyrirhugaðrar viðbyggingu Dalsmára 13. Mikilvægt er að verja lögnina með viðeigandi ráðstöfunum á framkvæmdartíma. Ef óskað er eftir færslu á lögninni verði það gert tímalega og í samráði við Veitur. Lóðarhafi að Dalsmára 13/ framkvæmdaraðili upplýsi Veitur um áform og tímasetningar.
- Einnig skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness á hönnunar og uppbyggingartíma. Aðaluppdrættir skulu sendir Heilbrigðiseftirlitinu til umsagnar af byggingarfulltrúa Kópavogs.



Skýringarmynd: Sneiðing A-A: snið í viðbyggingu og Dalsmára 13 mkv. 1:500



Tillaga að breyttu deiliskipulagi með loftmynd:
Tennishöll við Dalsmára 13 í mkv. 1:1000

Skýringarmyndir / hönnuður:
FORMER arkitektar,
Rebekka Pétursdóttir arkitekt
Ellert Hreinsson arkitekt



D:\Venjuni\2022\2024\010 Tennishöllin\01 - Teikningum\04-deiliskipulag\Deiliskipulagsupplýðir Breyting 04.dwg



KÓPAVOGSBÆR

Umhverfissvið / Skipulagsdeild
Kópavogi, 01.10.2024